

Afmælishátíð 20 ára Læknafélags Reykjavíkur 1929



Guðmundur Björnsson
landlæknir, stofnandi
Hár er þessi hiti orðinn.
Hvað mun valda?
Er það banvæn innanólga
eða Suðurnesjabólga?

Jón Sigurðsson svæfingalæknir sendi öldungasíðunni þessar skemmtilegu myndir en þær eru úr fórum afa hans, Jóns Kristjánssonar læknis (1881-1937).

Læknafélag Reykjavíkur var stofnað 18. október 1909. Eftirtaldir 9 læknar voru stofnendur: Guðmundur Björnsson, Guðmundur Hannesson, Guðmundur Magnússon, Jón Rósenkranz, Júlíus Halldórsson, Matthías Einarsson, Sigurður Magnússon, Sæmundur Bjarnhéðinsson og Þórður Thoroddsen. Fyrsti formaður félagsins var Guðmundur Magnússon 1909-1911 og einnig 1915-16.

Haustið 1929 var efnt til samsætis í tilefni af 20 ára afmæli félagsins. Fjölrituð var vegleg dagskrá fyrir samsætið. Í henni var að finna matseðil á frönsku og lagaskrá tónleika er gestir nutu. Síðast en ekki síst voru í skránni skopmyndir af 11 læknum. Af þeim

voru 8 formenn, þar af þrír stofnendur félagsins. Auk formanna voru myndir af þremur stofnendum. Ekki eru myndir af þremur látnum stofnendum: Guðmundi Magnússyni, Jóni Rósenkranz og Júlíusi Halldórssyni (allir látnir 1924) og af Andrésí Fjeldsted formanni 1918-19 sem lést 1923. Nöfn Guðmundar Björnssonar landlæknis á forsiðu, Sigurðar Magnússonar og Þórðar Thoroddsen eru „upplýstar ágískanir“.

Myndirnar teiknaði hinn vinsæli skopteiknari Tryggvi Magnússon sem þekktastur var fyrir myndir sínar í *Speglinum*. Hin kunna „kínverska“ undirskrift hans er á myndunum.

Myndunum fylgja vísur eða máltæki. Ekki sést hver orti vísurnar. Mynd og vísa á forsiðu tengist sennilega umdeildri ráðningu Sigvalda Kaldalóns í Keflavíkurhérað um þessar mundir. **PÁ**



Sigurður Magnússon
stofnandi
Hvernig sem ég hlusta og ber
hjartað ekki slær.
Dauðabögn og deyfð er hér.
Dóud þér kamske í gær?




Þórður Thoroddsen
stofnandi
Hendir seinn hvatan?




Guðmundur Hannesson
stofnandi og formaður
1911-1915
Veginn og mældur verður þú
og vísitalan skráð.
Gott er að hafa hlýðin hjú
og herforingja ráð.



Sæmundur Bjarnhéðinsson
stofnandi og formaður
1916-1918
Aður í lifur átti bú
alidýr í laumi.
Sullungarnir sækja nú
Sæmund heim í draumi.



Jón Hjaltalín Sigurðsson
formaður 1919-1920
Daginn á hann ekki fri
og þá heim hann nær
víkuskýrslur vantar í
vont er að ná í þær.



Gunnlaugur Claessen
formaður 1920-1922
Ef gengurðu fram á finna mann
og finnst þú minni,
þá reyndu að gægjast gegnum
hann
hvað geymist inni.




Matthías Einarsson
stofnandi og formaður
1922-1924
Ef þú hefur bogið bak
og bein þín eru slöpp
Matthías þér tekur tak
og treystir með þinni eigin löpp.



Ólafur Þorsteinsson
formaður 1924-1926
Húsráð:
Ef við hendur hjólasveina
hangir auraklessa
sítrónu má sjálfsgagt reyna
svolitíð að pressa.



Halldór Hansen
formaður 1926-1928
Post festum:
Þegar veislan úti er
ætti hver að gá að sér.
Vina(r) læknis vitja má.
Þú verður skárri eftir.



Niels Dungal
formaður 1928-1929
Hvort sem hann hnarreitur
gengur á götunum,
gölfunum slitir í samkvæmis-
fötunum,
eða hann ramnsakar riðukind
þá rennur upp stöðugt hin sama
mynd.